

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála

Þann 4. desember 2006 er úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála saman komin að Vegmúla 2, Reykjavík, til þess að kveða upp úrskurð um lengingu kærufrests í ágreiningsmáli nr. 14/2006.

Síminn hf.

gegn

Póst- og fjarskiptastofnun

Nefndina skipa: Ólafur Garðarsson hrl. formaður og meðnefndarmennirnir Heimir Haraldsson endurskoðandi og Guðjón Kárason verkfræðingur. Aðstoðarmaður nefndarinnar, Garðar Steinn Ólafsson laganemi, tekur ekki þátt í afgreiðslu þessa máls.

Fyrir nefndinni liggur krafa frá Símanum hf. 23. nóvember 2006 um lengingu kærufrests vegna ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) frá 13. nóvember 2006 um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur sf. (OR) frá annarri starfsemi félagsins.

Þar sem mál þetta er þannig vaxið að nauðsynlegt er að kveða upp úrskurð um ofangreinda kröfu sem fyrst hefur úrskurðarnefndin tekið þá ákvörðun að óska ekki eftir andmælum frá varnaraðila heldur úrskurða um kærana á grundvelli fyrirbyggjandi gagnna. Afstaða varnaraðila kemur auk þess að hluta til a.m.k. fram í gögnum málsins.

1.0 Málavextir.

Þann 13. nóvember 2006 tók Póst- og fjarskiptastofnun ákvörðun um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur sf. frá annari starfsemi félagsins, mál merkt 2003030060. Ákvörðunin var birt Símanum hf. þann 16. nóvember s.á. enda Síminn hf. aðili að ofangreindu máli sbr. úrskurð úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 8/2006. Þann 20. nóvember s.l. sendi Síminn hf. PFS kröfu um aðgang að öllum gögnum málsins sem ekki nytu verndar 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Bréf hafa gengið milli aðila síðan en Síminn er enn ekki kominn með aðgang að gögnum málsins. Þess vegna lýtur ofangreind krafa dagsins ljós.

2.0 Málsástæður kæranda.

Síminn hf. setti fram kröfu sína um lengingu kærufrests í bréfi dags. 23. nóvember 2006. Í byrjun bréfsins er vísað til ákvörðunar PFS um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi OR frá annarri starfsemi félagsins en ljósrit ákvörðunainnar fylgdi kærubréfinu. Síðan segir orðrétt í kærinni:

“Samkvæmt úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 8/2006 er Síminn aðili að ofangreindu máli. Meðal réttinda aðila máls í stjórnsýslumálum er aðgangur

að gögnum málsins og heimild til að kæra til æðra stjórnvalds. Til að Síminn geti vegið og metið það hvort ásatæða sé til að nýta þann rétt sinn er félaginu nauðsynlegt að kynna sér gögn málsins. Þann 20. nóvember sl. sendi Síminn PFS kröfu um aðgang að öllum gögnum málsins sem ekki nytu verndar 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (ssl.), fskj. nr. 2. PFS svaraði því bréfi 22. nóvember sl., sjá fskj. nr. 3, þar sem fyrirhugaðri málsmeðferð og tillögu PFS er lýst. Samkvæmt fyrirlunum PFS mun afhending gagnanna geta dregist til 8. desember nk. En þá yrðu einungis 3 vinnudagar eftir af kærufresti sem er til 13. desember nk. Síminn hefur enga tryggingu fyrir því að fyrirætlanir PFS standist.

Samkvæmt 6. mgr. 27. gr. ssl. Er æðra stjórnvaldi heimilt í sérstökum tilvikum að lengja kærufrest áður en hann rennur út. Á bls. 270 í “Stjórnsýslulögin – skýringarrit” lýsir prófessor Páll Hreinsson sjónarmiðum að baki ákvæðinu með eftirfarandi hætti:

“Heimild þessa ber því aðeins að nýta þegar forsvaranlegt er að veita aðila lengri frest, svo sem ef dráttur hefur orðið hjá lægra settu stjórnvaldi að veita aðila aðgang að gögnum málsins eða önnur atvik, sem aðila verður ekki um kennt, réttlæta lengri frest. Við mat á því hvort beita eigi heimildinni, ber einnig að taka tillit til þess hvort það myndi ganga í berhögg við hagsmuni annarra aðila að málinu.”

Ljóst er að aðstæður í því máli sem hér er til umfjöllunar réttlæta framlengingu á kærufresti. Síminn hefur ekki fengið aðgang að gögnum málsins og er því ekki í stakk búinn til að veita og meta hvort efni séu til að skjóta málinu til æðra stjórnvalds. Þar með er fyrra skilyrðið sem Páll Hreinsson nefnir uppfyllt. Þá er ljóst að framlenging kærufrests gengur ekki í berhögg við hagsmuni OR í málinu. Skilyrði fyrir framlengingu eru því uppfyllt.

Samkvæmt lokamálsgrein á bls. 270 í tilvitnuðu riti Páls Hreinssonar er heimildin bundin við að fram komi beiðni þes efnis frá aðila sjálfum áður en kærufrestur rennur út. Þegar heimildin er nýtt ber að tilkynna öðrum aðilum málsins um lengingu kærufrestsins. Því ber ekki að veita öðrum aðilum málsins færi á að tjá sig um framlengingu kærufrests, heldur tekur æðra sett stjórnvald sjálfstæða ákvörðun og tilkynnir það aðilum máls.

Með vísan til þess sem að framan er rakið krefst Síminn þess að kærufrestur í máli vegna fjárhagslegs aðskilnaðar OR verði framlengdur þannig að fjögurra vikna kærufrestur byrji að líða er Símanum hefur verið afhent öll gögn málsins sem ekki njóta verndar 17. gr. ssl. Að öðrum kosti mun Síminn ekki njóta þeirra lágmarksréttinda sem ssl. veita aðilum stjórnsýslumála til að kynna sér gögn máls og hafa nægilegt ráðrúm til að ákveða hvort efni séu til að nýta rétt til að skjóta málinu til æðra stjórnvalds. Framlengdur kærufrestur gefur þannig Símanum færi á að kynna sér sjónarmið sem liggja að baki ákvörðuninni sem allt eins gæti leitt til þess að kærufrestur yrði ekki nýttur.

Þess er farið á leit við úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála að nefndin hraði eftir füngum meðferð þessa erindis og svari, sé þess nokkur kostur, eigi síðar en 4. desember n.k”.

Vísast að öðru leyti til málatilbúnaðs Símans hf. og fylgigagna sem eru ákvörðun PFS frá 13. nóvember sl., bréf Símans dags. 20. nóvember s.l., bréf PFS dags. 22. nóvember, bréf PFS dags. 1. desember sl., bréf OR dags. 29. nóvember s.l. og bréf Símans hf. dags. 1. desember 2006.

3.0 Málsástæður PFS.

Hinn naumi tími er gafst til þess að úrskurða um lengingu kærufrestsins gaf ekki tilefni til umfangsmikillar gagnaöflunar. Sjónumið PFS koma að vísu að nokkru leiti fram í framlögðum gögnum og vísast því til þeirra.

4.0 Niðurstaða.

Úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála hefur kynnt sér gögn málsins, athugað lög, reglugerðir og aðrar réttarheimildir og fundað um ágreiningsefnið. Að störfum sínum loknum hefur nefndin komist að niðurstöðu.

Eins og fram kemur í gögnum málsins tók PFS ákvörðun um fjárhagslegan aðskilnað fjarskiptastarfsemi OR frá annarri starfsemi félagsins þann 13. nóvember 2006. Ákvörðunin var birt Símanum hf. þann 16. nóvember sl. og sendi Síminn hf. PFS þegar þann 20. nóvember sl. kröfu um aðgang að öllum gögnum málsins sem ekki nytu verndar 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Í fylgiskjali nr. 3 með kæru Símans hf., bréfi PFS dags. 22. nóvember sl., kemur fram í I. kafla 3.tl. að gögnin verði að líkindum afhent í lok vinnudags 8. desember nk. Þá eru einungis þrjú vinnudagar eftir af kærufrestinum. Það er allt of skammur tími til þess að veða og meta það hvort efni séu til að skjóta málinu til æðra stjórnvalds.

Að ofangreindu virtu og með hliðsjón af 6. mgr. 27. gr. ssl. verður ekki hjá því komist að verða við kröfu Símans hf. um lengingu kærufrests í þessu máli. Er kærufresturinn því framlengdur þannig að fjögurra vikna kærufresturinn byrji að líða þegar Símanum hf. hefur verið afhent öll gögn málsins sem ekki njóta verndar 17. gr. ssl.

5.0 Úrskurðarorð

Krafa Símans hf. um lengingu á kærufresti í ofangreindu máli er tekin til greina þannig að kærufresturinn byrji að líða þegar Símanum hf. hefur verið afhent öll gögn málsins sem ekki njóta verndar 17. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Ef aðilar vilja ekki una niðurstöðu þessari þarf að bera úrskurð þennan undir dómstóla innan sex mánaða frá því að aðilar fengu vitneskju um hann.

Reykjavík, 4. desember 2006

Ólafur Garðarsson, hrl., formaður

Guðjón Kárasón, verkfr.

Heimir Haraldsson, endursk.